

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
b.t. Guðna Ólgeirssonar

Reykjavík 18.01.2010

Sölvhólsögötu 4
150 REYKJAVÍK

0805503SA
Málalykill: 345

Efni: Umsögn um drög að rrgg. um nemendur með sérþarfir

Vísað er til tölvupósts mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 22. desember s.l., þar sem drög að reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla voru send sambandinu til umsagnar.

Fjallað var um drögin á fundi skólamálanefndar sambandsins þann 5. janúar s.l. en starfsmenn þess hafa einnig farið yfir það með hvaða hætti unnið hefur verið úr athugasemdum við frumdrög reglugerðarinnar, sbr. bréf sambandsins dags. 2. desember s.l. Jákvætt er að tekið hefur verið tillit til langflestra ábendinga sambandsins og verður það vonandi til þess að auðvelda innleiðingu og framkvæmd reglugerðarinnar.

Tvö atriði í drögnum eru hins vegar enn óútkljáð að mati sambandsins og er farið fram á að hugað verði að þeim áður en reglugerðarvinnunni lýkur.

1. Um kennsluskipan (1. mgr. 8. gr. draganna)

Í meðförum ráðuneytisins hefur sú breyting orðið á upphafsmálslið 8. gr. að orðin „eins og unnt er“ eru felld út úr niðurlagi þeirrar reglu að stuðningur við nemendur með sérþarfir skuli fara fram innan almennra námshópa.

Að mati sambandsins er þessi breyting ekki til bóta. Mikilvægt er að reglugerðarákvæðið um kennsluskipan geri skýrlega ráð fyrir því að reglunni sem það hefur að geyma verði ekki beitt í öllum tilvikum. Minnt er á að upp hafa komið erfið dæmi um grundvallarágreining milli stjórnenda grunnskóla og foreldra um tilhögun kennslu fyrir börn með sérþarfir. Er óráðlegt að reglugerðarákvæði veki hjá foreldrum væntingar um tiltekna framkvæmd sem ekki getur gengið eftir.

2. Um ágreiningsmál (20. gr. draganna)

Sambandið hvatti í fyrri umsögn mjög eindregið til þess að 20. gr. yrði gerð skýrari og ákveðnari. Athugasemdir um efni greinarinnar voru ítarlega rökstuddar og óljóst af hverju ekki hefur verið brugðist við þeim.

Að mati sambandsins mun ákvæðið óbreytt verða erfitt í framkvæmd og leiða til flókinna kærumála. Að lágmarki þarf að breyta greininni á eftirfarandi hátt:

- a) Að heiti greinarinnar verði *Ágreiningur um skólavist* og að ljóst sé að hún taki bæði til þeirra ákvörðunar að synja umsókn um skólavist í grunnskóla sem og þeirra tilvika þegar aðstæður barns með skólavist breytast þannig að þörf fyrir sérúrræði verður virk. Í öllum þessum tilvikum þarf að vera ljóst hvaða sérúrræði standa barni til boða.

- b) Að í stað 6. málslíðar komi tveir málslíðir, svohljóðandi: „Skólastjóri getur synjað barni um skólavist í hlutaðeigandi grunnskóla eða innritun í sérúrræði. Ákvörðun um synjun verður ekki tekin nema á grundvelli metinna sérþarfa viðkomandi barns og að teknu tilliti til álitsgerða fagaðila. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins.“

Auk ofangreindra atriða var einnig áréttað við umfjöllun skólamálanefndar sambandsins að samningar um framkvæmd ráðgjafar skv. 16. gr. væru forsenda þess að einstakir aðilar tækju að sér slíkt hlutverk á landsvísu. Eðlilegt er að samræmdum viðmiðum verði fylgt í því efni, m.a. í gegnum jöfnunarsjóð. Sama gildir um viðmiðunarreglur sem reiknað er með að sambandið setji um ákvörðun kostnaðar um skólavist barns, sbr. 13. gr. reglugerðardraganna.

Þá skal einnig nefnt að sérstakur samningur er í gildi um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga standi straum af sjúkrakennslu barna, sem dveljast í Reykjavík. Afrit samningsins fylgir hér með, en hann er gerður á grundvelli 2. mgr. 13. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 1. gr. laga nr. 167/2002. Að teknu tilliti til þess telur sambandið að vísa eigi til samningsins fremur en að kveða á um það í reglugerðinni að lögheimilissveitarfélag beri kostnað af sjúkrakennslu nemenda. Er farið fram á að lokamálsgrein 22. gr. reglugerðardraganna verði endurskoðuð með það í huga.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs